
27. fundur skólaráðs, haldinn í Lækjarskóla 24. febrúar 2015 kl. 8:10.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Skóladagatal 2015-2016
2. Fjárhagsáætlun
3. Skólapúlsinn, nemendakönnun
4. Önnur mál

1. Skóladagatal 2015-2016.

Drög að skóladagatali lögð fram. Skólasetning, skipulagsdagar og vetrarfrí eru samræmdir dagar á skóladagatölum grunnskóla Hafnarfjarðar. Ósk kom frá foreldrum að foreldradagur sé færður frammar í október. Skóladagatal samþykkt með áorðnum breytingum frá foreldrum.

2. Fjárhagsáætlun.

Fjárhagsáætlun er tilbúin. Kostnaður húsnæðis, leiga o.þ.h. er stór hluti kostnaðar. Við skólann eru þrjár sérdeildir ásamt úrræðum vegna einhverfu; móttökudeild fyrir nýbúa, sérdeild fyrir þroskaraskanir og fjölgreinadeild.

3. Skólapúlsinn, nemendakönnun.

Niðurstöður nemendakönnunar sem framkvæmd var af fyrirtækinu Skólapúlsinum eru nýkomnar og voru helstu niðurstöður lauslega kynntar fyrir fundarmönnum þar sem eftir er að fara betur yfir þær.

4. Önnur mál.

- Frá nemendaráði. Samfés (SamFestingurinn) verður haldið um miðjan mars, þar verður dansleikur/tónleikar á föstudegi og Söngkeppni á laugardegi. Á þennan viðburð eru takmarkaður fjöldi miða en yfirleitt fá þeir miða sem hafa áhuga. Árshátíð skólans er í næsta mánuði og mæta flestir nemendur unglingsdeildar á hana.
- Rætt var um forvarnir m.a. rafsígarettur og aðra áhættuhegðun. Undanfarin ár hefur náðst umtalsverður árangur í forvörnum í grunnskólum Hafnarfjarðar.
- Frá fulltrúa starfsmanna: Áhyggjur með hve húsnæði er þröngt, það vantar rými fyrir sérúrræði. námsver o.fl.
- Frá fulltrúa kennara: Í nýrri aðalámskrá er í upplýsingatækni farið fram á aukið tölvulæsi o.fl. Lítið svigrúm er til þess vegna skorts á tölvum, ekki bara hér heldur í flestum skólum í Hafnarfirði. Búið er að opna net fyrir nemendur en þá kemur fram að mismunur er á þeim nemendum sem eiga snjalltæki og hinum sem ekki eiga og verður því skólinn að vera í stakk búinn til þess að bregðast við því. Heppilegt er að hafa 4 iPada í hvern bekk sem myndi duga fyrir hópavinnu.
- Framundan er PISA könnun sem er umfangsmikil alþjóðleg rannsókn á hæfni og getu 15 ára nemenda í lestri, náttúrufræði, stærðfræði og þrautalausn.

- Kannanir. Huga þarf að því hvort kannanir eru einnig gerðar á erlendum tungumálum s.s. vímuefnakönnun, Skólapúlsinn o.fl.

Fundi slitið kl. 9:35

Fundinn sátu:

Haraldur Haraldsson, skólastjóri

Guðmundur Már Jónasson, formaður nemendaráðs, fulltrúi nemenda

Ylfa Oddbjörg Arnarsdóttir, varaformaður nemendaráðs, fulltrúi nemenda

Jórunn Kristín Fjeldsted, gjaldkeri foreldrafélags, fulltrúi foreldra

Geir Bjarnason, varafulltrúi grenndarsamfélags í forföllum Hafrúnar Dóru Júlíusdóttur

Helgi Sigurður Karlsson, fulltrúi kennara

Einar Örn Daníelssonum, varafulltrúi kennara í forföllum Heiðrúnar Jóhannsdóttur

Oddný S. Jóhannsdóttir, fulltrúi starfsmanna

Fundargerð ritaði Sólrún Helgadóttir